

# Fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 3. febrúar 2015 kl. 16:15-18:00

<b>Mættir voru:</b>	Dóra, Erna, Gunnar, Halldór, Halldóra, Herdís, Kolbrún Ada, Lilja, Róbert og Þorkell.
<b>Forföll boðaði:</b>	Trausti og kom Kolbrún Ada því í hans stað.
<b>Fundarstjóri:</b>	Erna.
<b>Fundarritari:</b>	Herdís.

## 1. Nýtt vinnumat í framhaldsskólum

Dóra sagði frá því að enn stæði yfir vinna hjá KÍ og Samninganefnd ríkisins við að þróa nýtt vinnumat fyrir framhaldsskólakennara. Ferlið hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi enda er um flókið mál að ræða. Enn er þó stefnt að því að framhaldsskólakennarar geti kosið um nýtt vinnumat í lok febrúar. Fulltrúar frá KÍ munu á næstu vikum heimsækja alla framhaldsskóla landsins og kynna vinnumatið áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

## 2. Nýja námskráin

Herdís kynnti stöðuna á námskrárvinnu í FSH og fór yfir uppsetningu stúdentsbrauta, þ.e. náttúruvísindabrautar annars vegar og félags- og hugvísindabrautar hins vegar. Gerð var athugasemd við sameiginlegan kjarna brautanna þess efnis að líffræði yrði höfð í sameiginlegum kjarna í stað jarðfræði. Í núverandi kjarna stúdentsbrauta eru áfangar sem innihalda inngang að líffræði, jarðfræði og efna- og eðlisfræði. Í kjarna nýrra stúdentsbrauta er hins vegar aðeins gert ráð fyrir inngangi að jarðfræði og efna- og eðlisfræði en öll líffræði færist yfir í sérhæfingu náttúruvísindabrautar. Á fundinum var bent á að líffræði veitti víðtækari undirbúning fyrir nám á háskólastigi en jarðfræði og því væri eðlilegra að líffræði yrði höfð í sameiginlegum kjarna stúdentsbrauta en jarðfræði. Ákveðið var að Herdís og Dóra legðu þessa athugasemd fyrir næsta kennarafund þar sem málið yrði rætt.

## 3. Rekstur skólans

Dóra fór yfir rekstraráætlun skólans 2015 og tilkynnti að skólinn hefði fengið 16.000.028 kr. á aukafjárlögum 2014. Í stað hallareksturs árið 2014 verður því rekstarafkoma ársins 11.332.363 kr. og gert er ráð fyrir að rekstarafkoma ársins 2015 verði 111.972 kr.

## 4. Ytra mat

Dóra kynnti skýrslu um ytra mat á FSH en skýrslan kom í lok janúar 2015. Rennt var stuttlega yfir helstu styrkleika og veikleika skólans samkvæmt skýrslunni og fjallað um aðgerðir sem gerðar voru tillögur

um. Í stuttu máli má segja að ekkert í skýrslunni hafi komið sérstaklega á óvart. Stærsta ógn skólans felst skv. skýrslunni í fækkun nemenda en það er vandamál sem lengi hefur verið vita af og rætt við skólann. Eitt af því sem stungið er upp á í aðgerðakafla skýrslunnar er að markvisst átak verði gert í því, með aðkomu sveitarfélags, fyrirtækja og stofnana í Norðurþingi, að móta framtíðarsýn fyrir skólann með það að meginmarkmiði að styrkja nám sem fyrir er í skólanum, fjölga námsleiðum og skapa nýjar og fjölga nemendum. Herdís og Dóra ræddu um hugmyndir sínar um að efna til málþings á næstu mánuðum þar sem staða og framtíðarhorfur skólans yrðu ræddar með fulltrúum sveitarfélagsins og ríkisins, fræðsluaðilum í nágrenninu, nemendum skólans, foreldrum, starfsfólki og áhugasömum íbúum sveitarfélagsins. Einnig sögðu Dóra og Herdís frá þeirri fyrirætlun að biðja Þekkingarnet Þingeyinga um að semja og framkvæma könnun meðal íbúa Þingeyjarsýslna um viðhorf til FSH og áhuga fyrir námsleiðum við skólann.

## 5. Önnur mál

Herdís kynnti niðurstöður úr annaruppgjöri haustannar 2014.

Rætt var um hvernig staðið væri að námsmati vegna félagsstarfa við skólann og nauðsyn þess að nemendum væri gert ljóst í tæka tíð hvaða störf væru einingabær og hversu margar einingar fengjust fyrir hvert og eitt verkefni.

Dóra sagði frá því að Gunnar Árnason yrði í námsleyfi á næsta skólaári og að Björgvin R. Leifsson myndi láta af störfum í lok þessa skólaárs. Einnig sagði hún frá því að Ásta Svavarsdóttir hefði verið fastráðin við skólann.

Fram kom beiðni um að skólanefnd fengi að yfirfara spurningar í könnun sem Þekkingarnet Þingeyinga myndi framkvæma fyrir skólann.

Dóra greindi frá því að í apríl yrði haldi kynning í HA á verkefninu Heilsumarkmiðin mín og sagði jafnframt frá því að í apríl stæði til að Gunnar Árnason héldi kynningu í HA á meistaraverkefni sínu um sjálfsvígsforvarnir.

Ákveðið var að næsti skólanefndarfundur yrði haldinn 24. mars nk.

Fleira var ekki rætt,  
fundi slitið.